# Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses.

## Ársreikningur
## 2021

Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses.
Strandgötu 4
220 Hafnarfirði
630316-2190

**Óendurskoðaður ársreikningur**

# Efnisyfirlit



Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn ............. 3
Áritun endurskoðenda ............................................... 4
Rekstrarreikningur ..................................................... 5
Efnahagsreikningur ................................................ 6
Sjóðstreymi ............................................................ 8
Skýringar ................................................................ 9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2021

Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses. var stofnuð 22. október 2015 og hóf starfsemi á árinu 2016. Tilgangur stofnunarinnar er að efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi innan marka bæjarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga. Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, vísað er til skýringa um laun og launatengd gjöld.

Að áliti stjórnar Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2021, afkomu árið 2021 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð 566 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 373,1 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

Hafnarfirði, 7/4 2022

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2021

Til stjórnar og félagsmanna Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses.

**Inngangur**

Við höfum kannað og aðstoðað við gerð ársreiknings Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

**Umfang**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um enduskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Markaðstofu Hafnarfjarðar ses á árinu 2021, efnahag þann 31. desember 2021 og sjóðstreymi ársins 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Athugasemd**

Ég vil vekja athygli á að undirrituð er tengd formanni stjórnar Markaðsstofunar, Sigríði Margréti Jónsdóttur og varaformanni Markaðsstofunar Erni H. Magnússyni. Undirrituð hefur fengið staðfestingu á að formaður og varaformaður hafa ekki aðgengi að bankareikningum stofnunnarinnar eða bókhaldi. Einnig að formaður og varaformaður koma ekki að fjármálum stofnunar með öðrum hætti en formlegu samþykki á stjórnarfundum. Er það því mat mitt að ég uppfylli ákvæði 19 gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur og sé óháð stofnuninni og geti því skrifað undir könnun á ársreikningi stofnunarinnar.

Hafnarfirði, 29/4 2022

***APaL ehf.***

Sigr. Ármannsd.

# Rekstrarreikningur 2021



| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur | | 12.960.000 | 12.390.000 |
| | 4, 11 | 12.960.000 | 12.390.000 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaður við viðburði | 12 | 890.231 | 870.666 |
| Markaðskostnaður | 13 | 1.942.142 | 2.265.515 |
| Laun og launatengd gjöld | 14, 15 | 9.769.944 | 7.132.134 |
| Annar rekstrarkostnaður | 16 | 910.149 | 1.638.550 |
| | | 13.512.466 | 11.906.865 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | ( 552.466) | 483.135 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | 17 | 11.541 | 9.793 |
| Fjármagnsgjöld | 18 | ( 25.091) | ( 61.120) |
| | | ( 13.550) | ( 51.327) |
| (Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt | | ( 566.016) | 431.808 |
| Tekjuskattur | 19 | 0 | ( 169.241) |
| **(Tap) hagnaður ársins** | | ( 566.016) | 262.567 |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Efnahagsreikningur



## Eignir

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Langtímaeignir** | | | |
| Tekjuskattsinneign | 20 | 161.625 | 161.625 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Eignfærður kynningarkostnaður | 7 | 0 | 1.250.000 |
| Aðrar kröfur | | 1.134 | 384.129 |
| Handbært fé | 9 | 1.890.062 | 325.644 |
| | | 1.891.196 | 1.959.773 |
| **Eignir samtals** | | 2.052.821 | 2.121.398 |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | | 373.106 | 939.122 |
| | 21 | 373.106 | 939.122 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 88.854 | 193.936 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.590.861 | 988.340 |
| | | 1.679.715 | 1.182.276 |
| Skuldir samtals | | 1.679.715 | 1.182.276 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 2.052.821 | 2.121.398 |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Yfirlit um sjóðstreymi 2021



| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarafkoma | | ( 566.016) | 262.567 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Breyting á frestuðum tekjuskatti | | 0 | 169.241 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 566.016) | 431.808 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Breyting á eignfærðum kostnaði, lækkun (hækkun) | | 1.250.000 | 1.250.000 |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 382.995 | ( 278.197) |
| Skammtímaskuldir,hækkun (lækkun) | | 497.439 | ( 1.516.760) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 1.564.418 | ( 113.149) |
| **Hækkun (lækkun) hækkun á handbæru fé** | | 1.564.418 | ( 113.149) |
| **Handbært fé í upphafi ársins** | | 325.644 | 438.793 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 1.890.062 | 325.644 |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

## Almennar upplýsingar

Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses. er skráð á Íslandi. Félagið er með höfuðstöðvar á Linnetstíg 3, 220 Hafnarfirði. Ársreikningur félagsins er fyrir árið 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2021.

Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses. var stofnað 22. október 2015 og hóf starfsemi á árinu 2016. Tilgangur stofnuninnar er að efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi innan marka bæjarfélagsins.

## Reikningsskilaaðferðir

***Grundvöllur reikningsskilanna***

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

***Áhættustjórnun***

2. Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

3. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

***Innlausn tekna***

4. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrk frá Hafnarfjarðarbæ, árgjöldum, tekna vegna viðburða og útgáfu bæklings. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

***Fjármagnskostnaður***

5. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

***Frestaður tekjuskattur***

6. Frestaður tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að tekjur og gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi.

   Tekjuskattur á hagnað ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og breytingu á tekjuskattsskuldbindingunni. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð til eignar einungis ef líkur eru á að hún muni nýtast í framtíðinni.

7. ***Eignfærður kynningarkostnaður***
   Kynningakostnaður er færður til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Eignin er færð til gjalda á áætluðum nýtingartíma eignarinar. Áætlaður nýtingartími er tvö til þrjú ár.

*Viðskiptakröfur*

8. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádregnum þeim kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru sannarlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

*Handbært fé*

9. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

*Skuldbindingar*

10. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

## Rekstrarreikningur

## Tekjur:

11. Tekjur:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Styrkur frá Hafnarfjarðarbæ | 10.700.000 | 10.800.000 |
| Árgjald | 2.260.000 | 1.590.000 |
| | 12.960.000 | 12.390.000 |

## Rekstrargjöld:

***Kostnaður við viðburði og markaðskostnaður***

12. Kostnaður við viðburði sem félagið stóð að og útgáfu kynningarbæklings:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirtækjahittingur, námskeið og súpufundir | 213.899 | 301.534 |
| Ráðstefnur | 146.320 | 0 |
| Fyrirtæki vikunnar | 316.831 | 0 |
| Kostnaður vegna afmælis | 7.684 | 393.275 |
| Hvatningarverðlaun | 205.497 | 175.857 |
| | 890.231 | 870.666 |

13. Markaðs- og kynningarkostnaður:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Markaðskostnaður | 692.142 | 1.015.515 |
| Kynningarkostnaður færður til gjalda á tveimur árum | 1.250.000 | 1.250.000 |
| | 1.942.142 | 2.265.515 |

***Laun og launatengd gjöld***

14. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 6.816.500 | 6.513.719 |
| Áunnið orlof og uppgjör launa | 204.000 | ( 1.567.795) |
| Bifreiðastyrkur | 120.000 | 90.000 |
| Lífeyrissjóður | 920.238 | 879.352 |
| Tryggingagjald | 479.266 | 475.176 |
| Önnur launatengd gjöld | 239.940 | 225.682 |
| | 8.779.944 | 6.616.134 |
| Meðalfjöldi starfsmanna | 1 | 1 |

15. Þóknanir stjórnar:

| | | |
|---|---|---|
| Sigríður Margrét Jónssdóttir | 440.000 | 264.000 |
| Örn Haukur Magnússon | 132.000 | 105.000 |
| Jóhann Davíð Bárðarson | 88.000 | 84.000 |
| Anna J. Ólafsdóttir | 198.000 | 63.000 |
| Olga Þórðardóttir | 110.000 | 0 |
| Björt útgáfa | 22.000 | 0 |
| | 990.000 | 516.000 |

***Annar kostnaður***

16. Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld og tæki | 0 | 206.780 |
| Samskiptakostnaður | 44.400 | 36.176 |
| Skrifstofuvörur | 69.741 | 177.547 |
| Aðkeypt þjónusta vegna reksturs | 0 | 250.000 |
| Stefnumótun | 273.400 | 0 |
| Uppgjör og bókhaldsþjónusta | 380.927 | 599.179 |
| Hreinlætisvörur | 0 | 21.056 |
| Stjórnarfundir | 16.000 | 89.634 |
| Aðalfundur | 0 | 100.162 |
| Kaffikostnaður skrifstofu | 6.491 | 5.077 |
| Starfsmannakostnaður | 20.390 | 129.590 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 80.000 | 0 |
| Annar kostnaður | 18.800 | 23.349 |
| | 910.149 | 1.638.550 |

### *Fjármunatekjur*

17. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 11.541 | 9.793 |
| | 11.541 | 9.793 |

### *Fjármagnsgjöld*

18. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld | ( 25.091) | ( 61.120) |
| | ( 25.091) | ( 61.120) |

### *Tekjuskattur*

19. Virkt tekjuskattshlutfall greinist þannig:

| | 2021 | % | 2020 | % |
|---|---|---|---|---|
| (Tap) hagnaður fyrir skatta | ( 566.016) | | 431.808 | |
| Skatthlutfall | ( 212.822) | 37,6% | 162.360 | 37,6% |
| Varanlegur mismunur | 7.069 | -1,2% | 6.881 | 1,6% |
| Yfirfæranlegt tap ekki eignfært | 205.753 | -36,4% | | |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 0 | 0,0% | 169.241 | 39,2% |

## Tekjuskattsinneign

20. Yfirlit um tekjuskattsinneign:

**2021**

| | Inneign | Skuld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Yfirfæranlegt tap | 161.625 | | 161.625 |
| | 161.625 | 0 | 161.625 |

**2020**

| | Inneign | Skuld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Yfirfæranlegt tap | 161.625 | | 161.625 |
| | 161.625 | 0 | 161.625 |

## Eigið fé

21. Yfirlit um eigið fé:

**2021**

| | |
|---|---|
| Stofnfé | 1.006.500 |
| Annað eigið fé 01.01. | ( 67.378) |
| Tap ársins | ( 566.016) |
| Eigið fé 31.12. | 373.106 |

**2020**

| | |
|---|---|
| Stofnfé | 1.006.500 |
| Annað eigið fé 01.01. | ( 329.945) |
| Hagnaður ársins | 262.567 |
| Eigið fé 31.12. | 939.122 |